

Uppsetningar- og
notkunarleiðbeiningar

Útistöð Eðalstál

2501 20, 2502 20, 2503 20
2504 20, 2506 20, 2508 20
2509 20, 2510 20, 2512 20

GIRA

Efnisyfirlit

Lýsing á búnaðinum	3
Veggdós komið fyrir	4
Framplötunni komið fyrir	6
Búnaðurinn tekinn í notkun	7
Fjölvirkur inngangur	7
Skipt um merkispjald	8
Útistöðin Eðalstál opnuð	10
Notkun	11
Tæknilýsing	12
Ábyrgð	12


Lýsing á búnaðinum


Útistöðin Eðalstál er foruppsett útistöð fyrir Gira dyrasímakerfið sem er varin gegn skemmdarverkum.

Framplatan er úr fyrsta flokks ryðfriú stáli (V2A), er 3 mm á þykkt og því einstaklega sterkbyggð. Kallhnapparnir eru einnig gerðir úr traustu ryðfriú stáli. Upplýst merkispjöldin eru hulin með hertri og eldþolinni glerplötu. Hægt er að opna merkispjöldin með földum búnaði og taka þau úr að framanverðu.

Bæði kallhnapparnir og merkispjöldin eru lýst upp jafnt með hvítri, orkusparandi ljósdíóðueiningu.

Hátalarinn og hljóðneminn eru á bak við viðkomandi hljóðop þar sem þeir eru varðir gegn vatni og skemmdarverkum.









Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

- Veljið hentugan uppsetningarstað og brjótið gat í vegginn með meitli.

1. Notið meðfylgjandi veggfestingar ef þess þarf.




Við uppsetningu veggdósarinnar skal hafa eftirfarandi í huga:


- Gætið þess að veggdósinn snúi rétt. (Sjá límmiðann "TOP").
- Setja verður veggdósina þannig í að hún sé hornrétt. Ekki er hægt að rétta veggdósina af síðar þegar útistöðin Eðalstál er sett upp.
- Setjið veggdósina þannig í að hún flútti eins vel við vegginn og kostur er!

Það verður að vera hægt að setja lokunarplötuna þannig á síðar að hún flútti við vegginn. Ekki er hægt að jafna út meira en 20 mm með múrhúðinni.


2. Múrið veggdósina þannig að hún flútti við vegginn (múrhúðin má mest vera 20 mm).








3. Setjið meðfylgjandi murlök á.



4. Múrið vegginn.



5. Fjarlægið múrhúðina **varlega** og takið murlokið af.



1. Setjið lokunarplötuna þannig í veggdósina að hún flútti við vegginn.



Setjið lokunarplötuna hornrétt í

Lokunarplatan má ekki aflagast eða spennast þegar hún er sett í veggdósina.

Ýtið lokunarplötunni inn þar til plastvinklarnir nema við vegginn.

2. Festið lokunarplötuna með 4 meðfylgjandi sexkantskrúfum og tenntum spenniskífum. Herða verður sexkantskrúfurnar vel til þess að tryggja að festing framlötunnar haldi.


3. Setjið báðar uppsetningarhöldurnar á hliðunum út (1.), ýtið framlötu útistöðvarinnar Eðalstál inn í uppsetningarhöldurnar (2.) og hengið festiband framlötunnar í krókinn á lokunarplötunni (3.).

4. Tengjið tveggja víra Bus við Bus-tengiklemmurnar.




Slökkt á lýsingu kallhnappa


Til þess að slökka varanlega á lýsingu kallhnappa skal fjarlægja lykkjurnar milli BUS og ZV.



5. Takið framplötuna úr uppsetningarhöldunum (1.) og setjið uppsetningarhöldurnar inn (2.).



6. Stillið **neðri** festibolta framplötunnar á "**Close**".




7. Notið stýriboltana til að setja framplötuna á og þrýstið henni að þar til efri og neðri boltarnir festast.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar allur búnaðurinn (úti- og innistöðvar, stýrieining o.s.frv.) hefur verið settur upp er hægt að taka dyrasímakerfið í notkun.

Leiðbeiningar um það hvernig útistöð er tekin í notkun er að finna í kerfishandbókinni sem fylgir með stýrieiningunni.

Fjölvirkur inngangur



Með meðfylgjandi leiðslu er hægt að tengja hnapp við fjölvirka inngang  hátalarans í útistöðinni Eðalstál.


Hnappurinn gegnir þá sama hlutverki og kallhnappur og er því til dæmis hægt að nota hann sem kallhnapp eða til þess að stjórna rofaliða.

Merkispjöld


Notið eingöngu Gira merkispjöld í Gira útistöðina Eðalstál.

Þessi gagnsæju plastskilti eru ljósektá, veðurþolin og slétt.


Með því að færa inn meðfylgjandi leyfislykil á www.gira.marking.com er hægt að fá fyrstu merkispjöldin ókeypis.



1. Takið kallhnappinn úr lás með meðfylgjandi plastlykli:
Það er gert með því að snúa plastlyklinum rangsælis þar til hann festist.



2. Festið kallhnappinn:
Það er gert með því að þrýsta kallhnappinum u.þ.b. 1 cm inn.
✓ Kallhnappurinn festist inni og er áfram í þeirri stöðu.




3. Setjið flötu hlið plastlykilsins undir glerlokið og dragið merkispjaldahölduna út.




Takið merkispjaldahölduna ekki úr


Ekki lyfta merkispjaldahöldunni og taka hana úr!




4. Takið gamla merkispjaldið úr og rennið því nýja alla leið inn í hölduna.




5. Leggið merkisþjaldið undir festingarnar á höldunni.




6. Rennið merkisþjaldahöldunni aftur á sinn stað.
Haldið um leið merkisþjaldinu föstu með fingrinum.



7. Losið kallhnappinn:
Það er gert með því að ýta lyklinum dálítið inn og snúa honum réttisælis þar til kallhnappurinn losnar úr neðri stöðunni.




8. Festið kallhnappinn:
Það er gert með því að snúa plastlyklinum aftur réttisælis þar til hann festist.






9. Styðjið á kallhnappinn til þess að kanna hvort hann virki rétt:
Kallhnappurinn hefur verið festur með réttum hætti ef

- **ekki** er hægt að ýta kallhnappinum langt inn og
- staðfestingartónn heyrst þegar stutt er á kallhnappinn.

Ef kallhnappurinn hefur ekki verið festur rétt skal endurtaka skref 8.



Til þess að opna útistöðina Eðalstál þarf að nota þar til gert verkfæri sem fylgir með.



1. Snúið **neðri** festiboltanum/-boltunum í stöðuna "Open".

Á útistöðvum með einni hnapparöð er einn neðri festibolti, en á útistöðvum með tveimur hnapparöðum eru neðri festiboltarnir tveir. Staðsetning festiboltanna er gefin til kynna með litlum grópum á neðanverðri framplötunni.



Sýnið aðgát ef veggir eru múraðir


Þegar um múraða veggir er að ræða er hættu á því að opnunarverkfærið skemmi múrhúðina ef útistöðin er opnuð oft.

2. Lyftið framplötunni upp úr neðri festingunni (1.) og dragið hana á ská niður úr efri festingunum (2.).

Stilling hljóðstyrks

Hægt er að stilla hljóðstyrkinn á hverri útistöð fyrir sig.

Stilla verður hljóðstyrkinn með hjálp aðstoðarmanns.



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 2. Styðjið á kallhnapp á **útistöðinni** sem þegar hefur verið tengdur.
 3. Aðstoðarmaðurinn svarar hringingunni á **innistöðinni** (með því að taka upp tólið eða styðja á talhnapp) og talar.
 4. Styðjið aftur á kallhnappinn á **útistöðinni**.
- ✓ Hljóðstyrknum er breytt með því að styðja á hnappinn meðan á samtali stendur.
Alls standa fjögur hljóðstyrksþrep til boða.
Í hvert sinn sem stutt er á kallhnappinn er stillt á næsta hljóðstyrksþrep fyrir ofan. Þegar hæsta hljóðstyrk er náð verður stillt á minnsta hljóðstyrk næst þegar stutt er á hnappinn.
5. Leggið á.
Síðasta stilling á hljóðstyrk er þá vistuð í útistöðinni.
 6. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Hringt



1. Styðjið á kallhnappinn til þess að hringja í tengdu innistöðina.
- ✓ Staðfestingartónn heyrir þegar stutt hefur verið á hnappinn.
✓ Þegar svarað er á innistöðinni logar hljóðnemaopið í bláum lit.

Ljós kveikt (með rofaliða)



1. Stutt er á kallhnappinn til þess að kveikja á ljósi eða öðrum rafbúnaði með tengdum rofaliða.
- ✓ Staðfestingartónn heyrir þegar stutt hefur verið á hnappinn.

Tæknilýsing

Tengi:	2 skrúfklemmur fyrir tveggja víra Bus 2 skrúfklemmur fyrir aukaspennugjafa 2 fjöltengi fyrir kerfisbraut (6 póla) 1 fjöltengi fyrir mynd (2 póla) 2 skrúfklemmur fyrir skemmdarverkasnertu
Varnarflokkur:	IP 44
Hitasvið:	-25 °C til +70 °C
Mál (B x H x D):	
Einföld, tvöföld, þreföld:	140 x 198 x 40 mm (veggdós) 160 x 218 x 3 mm (framplata)
Fjórföld, sexföld:	140 x 265 x 40 mm (veggdós) 160 x 285 x 3 mm (framplata)
Áttföld, níuföld:	140 x 332 x 40 mm (veggdós) 160 x 352 x 3 mm (framplata)
Tíuföld, tólföld:	250 x 265 x 40 mm (veggdós) 270 x 285 x 3 mm (framplata)

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Deutschland
Tel +49 (0) 21 95 / 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

28/11

GIRA